

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sveinbjörns Þiðrandasonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. marz 1968.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveinbjörns Þiðrandasonar, Ólafsfirði.

1. gr.

Stjóðurinn heitir „Minningarsjóður Sveinbjörns Þiðrandasonar“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund —, gefið og afhent af móður og systkinum Sveinbjörns Þiðrandasonar.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal aldrei skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, áheiti og gjafir auk vaxta af höfuðstól.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka á bóka- og kennslutækjakost Gagnfræðaskólans í Ólafsfirði eða til styrktar efnalitlum nemendum frá Ólafsfirði til framhaldsnáms, eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni.

6. gr.

Ekki skal veita styrki úr sjóðnum fyrr en fimm ár eru liðin frá stofnun hans.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal þannig skipuð: Skólastjóri Gagnfræðaskólans Ólafsfirði, sem jafnframt er formaður, sóknarprestur og einn maður tilnefndur af fræðsluráði.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók um fundi sína og hvaðeina, er sjóðnum er viðkomandi.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvernig úthlutunarfé skal varið hverju sinni í samræmi við 5. gr.

10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga í Ólafsfirði.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hve miklu er úthlutað úr sjóðnum, þó skal aldrei verja meiru en $\frac{3}{4}$ af vöxtum sjóðsins hverju sinni. $\frac{1}{4}$ vaxtanna leggjast við höfuðstól.

12. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

13. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.